

1871.

25. maí.

mildilegast að fallast á, að greiða megi kostnaðinn við kennslu heyrnar og mállausra barna frá Íslandi úr hlutaðeiganda jafnaðarsjóði, ef hvorki þau sjálf nè þeir, sem að þeim standa, hafa efni til þess.

Þetta gefst yður (herra stiptamtmaður; herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar.

27. maí.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lausn frá nafnbótum.

Með þessu bréfi gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það hlutaðeigendum, að dómsmálastjórnin hefir 24. þ. m. sent hans hátígn konunginum þegnlega skýrslu um það, að fyrrum stjórnardeildarsekreteri í utanríkisstjórninni, Dr. phil. Grímur Thomsen, og fyrrum vísi-jústízsekreteri í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti, Ólafur M. Stephensen, hafi sagt af sér nafnbótum, sem þeim hafa verið veittar, hinn fyrri nafnbótinni sem legationsráð, og hinn síðari jústízáðsnafnbót, og fellur skylda þeirra til þess að greiða nafnbótarskatt burtu frá 1. þ. m., samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870, 3. gr.

10. júní.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um nýja útgáfu af kennslubók Levys í yfirsetufræði.

Með bréfi, dagsettu 18. janúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi mælt til, að vesturamtíð ásamt með hinum ömtunum taki þátt í því, að greiða úr jafnaðarsjóði amtsins kostnaðinn við að gefa út nýja útleggingu á Íslenzku eptir héraðslækni Jónas Jónassen, á kennslubók